

**27. fundur Skipulags,bygginga,umhverfis og samgöngunefndar haldinn
Fundarsalur Álftavers,
miðvikudaginn 6. apríl 2022, kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Anna Lind Ragnarsdóttir, Hulda Gunnarsdóttir, Þorbergur Kjartansson, Sigurdís Samúelsdóttir, Bragi Þór Thoroddsen og Jóhann Birkir Helgason.

Fundargerð ritaði: Jóhann Birkir Helgason, .

1. Deiliskipulag í Reykjanesi - 2202003

Tekin fyrir deiliskipulagstillaga af svæði sem Saltverk hefur til umráða á Reykjanesi. Svæðið er merkt sem AT3 í Aðalskipulagi Súðavíkurhrepps 2018-2030.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd leggur til við sveitarstjórn að farið verði með deiliskipulagið í samræmi við ákvæði 41. greinar skipulagslaga nr. 123/2010. Allar meginforsendur koma fram í Aðalskipulagi Súðavíkurhrepps 2018-2030 og því ekki gerð skipulagslýsing.

Nefndin leggur til við sveitarstjórn að deiliskipulagstillagan verði auglýst á vinnslustigi.

Samþykkt

2. Eyrardalur 6, umsókn um lóð undir gistihús - 2202002

Tekin fyrir athugasemd sem barst vegna fyrirhugaðra smáhýsa við Eyrardal 7 frá íbúum við Eyrardal 5, dags. 25. mars 2022.

Athugasemdin vísar til breytinga á Aðalskipulagi Súðavíkurhrepps 2018-2030.

Samþykkt

3. Eyri í Ísafirði - 2201002

Tekið fyrir að nýju erindi frá Sigurgísla Ingimarssyni dags. 10.01.2022 þar sem sótt er um byggingarleyfi fyrir sumarhúsi á Eyri í Ísafirði skv. teikningum frá Verkfræðistofu Suðurnesja dags. 4.11.2021.

Fyrir liggur bréf Skipulagsstofnunar dags 25. mars 2022 er varðar undanþágu frá skipulagsreglugerð vegna fjarlægðar frá ám og sjó við Eyri við Ísafjörð.

Skipulagsstofnun gerir ekki athugaemd við að framangreind undanþága verði veitt. Jafnframt er lagt frá bréf frá Innviðaráðuneytinu dags. 4. apríl 2022 þar sem ráðuneytið fellst á undanþágu frá ákvæði greinar 5.3.2.14 skipulagsgeglugerðar.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd samþykkir byggingarleyfi fyrir sumarhúsi í samræmi við teikningar frá Verkfræðistofu Suðurnesja. Byggingarfulltrúa falið að veita byggingarleyfi.

Samþykkt

4. Aðalskipulag Súðavíkurhrepps 2019-2030, breyting - 2110005

Tekin fyrir að nýju breyting á Aðalskipulagi Súðavíkurhrepps 2018-2030 eftir kynningu á vinnslustigi.
Umsagnir bárust frá:
Umhverfisstofnun dags. 10.03.2022
Veðurstofan dags. 22.03.2022
Fiskistofa dags. 28.03.2022
Skipulagsstofnun dags. 11.03.2022
Athugasemd frá íbúum við Eyrardal 5, dags. 25.03.2022
Breytingin felur í sér stækkun iðnaðarsvæðis við Langeyri, breyting á reit við Ákabúð úr samfélagsþjónustu í íbúðarbyggð og breyting á svæði í Eyrardal, þar breytist svæði ÍB4 og VÞ1. VÞ1 minnkar sem nemur lóð Eyrardalur 3 og ÍB4 stækkar sem því nemur. Svæði ÍB4 minnkar sem nemur svæði undir smáhýsi.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd tók fyrir umsagnir og og athugasemd.

Athugasemdin snýr að skuggavarpi, ónæði, umferð og lækkun virði fasteignar. Nefndin bendir á að samkvæmt aðalskipulagi er gert ráð fyrir íbúðabyggð á svæðinu og því ekki mikil breyting á þeim gæðum sem nefnd eru í athugasemdinni við það að leyfa byggingu smáhýsa í stað íbúðarbyggðar.

Nefndin leggur til við sveitarstjórn að breyting á Aðalskipulagi Súðavíkurhrepps 2018-2030 verði auglýst.

Samþykkt

5. Holtagata 11, breyta bílskúr í íbúð - 2202004

Tekið fyrir að nýju erindi Herðísar Mjallar Jónasdóttur dags. 24. febrúar 2022 eftir grenndarkynningu er varðar breytingu á bílskúr í íbúð við Holtagötu 11.
Ein athugasemd hefur borist við grenndarkynninguna.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd telur að umsvifin verði ekki meiri en fyrir er og leggur til við sveitarstjórn að heimila breytingu úr bílskúr í íbúð með fyrirvara að ekki komi frekari athugasemdir við erindið.

Samþykkt

6. Sjókvíaeldi Hábrúnar í Ísafjarðardjúpi, beiðni um umsögn. - 2204002

Tekinn fyrir tölvupóstur frá Skipulagsstofnun dags. 28. mars sl. er varðar umsögn um matsáætlun vegna framleiðslu Hábrúnar ehf á 11.500 tonnum af regnbogasilungi í sjókvíum í Ísafjarðardjúpi.

Hábrún hyggst hefja eldi á 2000 tonnum af regnbogasilungi í sjókvíum við Hnífsdal, 1500 tonnum í Hestfirði, 4000 tonnum við Naustavík og 4000 tonnum við Drangsvík á Snæfjallaströnd.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd telur að fjallað sé nægjanlega vel um hvernig framkvæmdaraðili hyggst vinna að umhverfismati og framsetningu þess.

Samþykkt

Fundi slitið kl. 19:00.

Anna Lind Ragnarsdóttir

Hulda Gunnarsdóttir

Þorbergur Kjartansson

Sigurdís Samúelsdóttir

Bragi Þór Thoroddsen

Jóhann Birkir Helgason